

Fundur í stjórn foreldrafélagsins mánudaginn 31. ágúst 2015

Mættar eru.: Vaka, Áshildur, Claudia, Sólveig, Erla Rán, Martha Lilja, Valgý og Sigríður sem ritar fundargerð.

Við byrjum á að ræða hugmynd sem kom upp, um að fá lánaða þá hugmynd að setja margföldunartöfluna í skrautlegum litum á milli þrepanna í stiganum í skólanum. Við sáum mynd af þessu, en fyrir utan að hafa þá margföldunartöfluna fyrir augunum lífgar þetta uppá umhverfið. Einnig af sama meiddi, að setja gráðuboga merkingar á gólfið á nokkrum stöðum við hurðarop.

Sigríður tekur að sér að setja mann í málið til að kanna efnisval og kostnað við þetta en Vaka hafði rætt þetta við Ágúst og Andra og þeim leist vel á.

Vaka kynnir hugmynd um að koma fyrir "Hreysti" velli á skólalóðinni og sýndi teikningu þar sem sést hvernig hægt er að koma því við. Kostnaður er umtalsverður en spurning um að setja þetta á óskalista við frágang lóðar. Einnig komu upp hugmyndir hvort væri hægt að reyna að fá stuðningsaðila við uppsetningu. Foreldrafélagið hefur keypt búnað sem þarf að nota við "skólahreysti" æfingar en Naustaskóli býður nú uppá val í því.

Ræddum skipulag vegna bekkjarkvölda en á aðalfundi félagsins 17. sept n.k munum við skipta foreldrum eftir aldri barna þeirra og þurfa þeir að koma með hugmyndir hvað þeir ætla að gera með börnunum í vetur, en 3 bekkjarkvöld eiga að vera.

Við skoðuðum tillögur og ákveðið var að hver árgangur fái kr. 10000 sem hægt er að nota til kaupa á einhverju t.d. veitingum í eitt skipti.

Ræddum aðeins samræmdu prófin og nauðsyn þess að ekki skapist neikvæð umræða á meðal krakkanna um prófin og hvernig hægt er að frekar peppa þau í metnaði og taka prófin og gera sitt besta fyrir sig og skólann sinn;-)

Ræddum einnig, að byðja skólastjórnendum að afhenda ekki prófin í skólanum, heldur geti foreldrar nálgast þau í skólanum eða í næsta foreldraviðtali. Þetta er hugsað vegna samanburðar pressu.

Ræddum að hafa árgjald í félagið óbreytt.

Ræddum nauðsyn þess að gangbrautirnar við skólann séu málaðar hið snarasta og að biðja Ágúst að nefna það í fréttabréfi að foreldrar árétti það við börn sín sem koma á hjólum í skólann að hjóla ekki í innkeyrslunni að skólanum heldur koma að nýja inngangnum.

Pælingar með fyrirlesara á aðalfundi.

Í lokin var ákveðið að hittast aftur 14. sept. kl 17.00

P.s. Haft var samband við framkvæmdadeild og þar kom fram að malbika ætti upphækkun framan við skólann og niður í Lækjartúnið til að draga úr umferðarhraða og þess vegna ekki verið endurnýjuð merking á gangbraut. Þjuggust þeir við að fara í þær framkvæmdir í næstu viku.